

Skólafjónusturnar



Það er kallað að heitast, ef menn í **heift** biðja hvor öðrum mikilla óbæna, og eiga heitingar oft að hafa orðið að **áhrinsorðum**.

*Svo er mælt, að þegar skóli var í Skálholti, hafi þar verið tvær **skólaþjónustur**. Þær voru báðar illar mjög í **skapi** og **þungyrta**, ef því var að skipta. Eigi er þess getið, að þeim hafi **komið illa saman**. En svo bar til fyrir jólin einn vetur, að önnur þjónustan þurfti að fara eitthvað út, en veður var illt og **bylur**. Hún tekur þá nýþvegnar **nærbrækur** af einhverjum **skólapilti**, sem hin þjónustan **þjónaði**; því hún hafði ekki annað **fat** hendi nær til að fara í. Fór hún síðan í brækurnar, og urðu þær allar **votar** og óhreinar. Þegar hún kemur inn aftur, segir hún hinni þjónustunni frá, og biður hana að **misvirða** ekki þetta **tiltæki** sitt við sig, þó hún hafi tekið brækurnar **á laun** við hana. En þjónustan **brást** reið við og **atyrsti** hana. Eykst þetta svo orð af orði, þangað til þær **heituðust**, og sukku þær báðar niður í jörðina. Var önnur komin í hné, en önnur upp í **mitti**, þegar að þeim var komið. **Hlupu** þá skólapiltar til, **kipptu** þeirri upp undir eins, sem **grynnra** var sokkin. Var hún þá borin burt. Síðan tóku þeir til hinnar, en hún sat föst fyrir. Tóku þá tólf á henni í einu. Þá segir hún: „Tíu toga að neðan, tólf toga að ofan, og takið á fastara piltar“. Gátu þeir þá loks náð henni upp, og ætlaði það þó **að ganga tregt**.*